

Fréttapistill frá forseta Íslands

6. júní 2021

Nú eru langflestar margæsanna horfnar héðan af Bessastaðanesi, áleiðis til norðurhéraða Kanada. Nokkrar eru hér enn og vera má að einhver þör afráði að hætta þessari óþörfu ferð lengra norður, verpi bara hér og láti þar við sitja. Við sjáum til.

Síðastliðinn sunnudag tók ég þátt í skemmtilegum viðburði, stofngöngu Ferðafélags Borgarfjarðarhéraðs. Gengið var um Jafnaskarðsskóg við Hreðavatn í Norðurárdal í leiðsögn Birgis Haukssonar, fyrrverandi skógarvarðar. Merkilegt var að finna muninn á veðráttu inni í skóginum og svo á berangri ofan hans. Þar blés hressilega. Hið nýstofnaða félag tilheyrir Ferðafélagi Íslands og stefnir að reglulegum gönguferðum á Vesturlandi. Gísli Einarsson dagskrárgerðarmaður frá Lundi í Lundarreykjadal er fyrsti forseti Ferðafélags Borgarfjarðarhéraðs. Ég þakka honum og öðrum í forystusveit félagsins gott boð og gestrisni og göngufélögum öllum þakka ég skemmtilega samveru.

Á þriðjudaginn var lagði ég leið mína á ný að gosstöðvunum í Geldingadölum. Við vorum nokkur sem gengum í þetta sinn á Stóra-Hrút og sáum þar vel yfir hraunbreiðuna og gíginn stóra sem enn spúir eldi með reglulegu millibili. Við sáum líka vel yfir að Sjónarhóli eða Gónhóli, hæðinni sem nú hefur breyst í svonefndan óbrynnishólma. Það heiti sýnir vel hvernig hægt er að finna heiti á íslensku yfir allt milli himins og jarðar og vísa ég áhugasömum um málið á frekari umfjöllun hér: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=81544>.

Á miðvikudaginn var hlotnaðist mér sá heiður að vígja nýja bifreið Frú Ragnheiðar við hátíðlega athöfn fyrir utan höfuðstöðvar Rauða krossins í Reykjavík. Ég flutti þar stutt ávarp og minnti á mikilvægi aðstoðar við fólk í vanda. Refsigleði og dómharka mun ekki skila okkur betra samfélagi. Frú Ragnheiður er heiti yfir bjargráð til þeirra sem nota lögleg og ólögleg vímuefni og er markmiðið að minnka þann skaða sem af því hlýst. Þannig segir í lýsingu Rauða krossins á verkefninu að því sé ætlað „að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu eins og húsnæðislausra einstaklinga og einstaklinga sem nota vímuefni um æð og bjóða þeim skaðaminnkandi þjónustu í formi heilbrigðisþjónustu og nálaskiptiþjónustu. Heilbrigðisþjónusta Frú Ragnheiðar veitir meðal annars aðhlyningu sára, sýklalyfjameðferð, umbúðaskipti, saumatöku og almenna heilsufarsskoðun og ráðgjöf. Á hverri vakt starfar hjúkrunarfræðingur og læknir sem sinnir bakvakt.“ Bifreiðin nýja kemur í stað annars bíls sem var kominn til ára sinna. Fjöldi samtaka og fólks safnaði fé fyrir henni.

Fimmtudagurinn 3. júní var alþjóðlegur dagur hjólreiða. Af því tilefni hvatti ég öll þau sem á því hafa tök að hjóla sinnar leiðar í stað þess að aka milli staða og má horfa á þann boðskap hér: <https://twitter.com/PresidentISL/status/1400397372677672960>.

Í gær, laugardag, stóðu nær 20 trúfélög og lífsskoðunarfélög að degi samstöðu vegna farsóttarinnar sem enn geisar víða um heim. Ég fagna þessu framtaki og studdi það. Þótt allt virðist stefna í rétta átt hér á landi leikur veiran enn lausum hala í mörgum löndum og einatt fátt um varnir sem duga. Enn er því verk að vinna og fagnaðarefni

að forystusveit þessara félaga hér á landi hvetji til samstöðu og samkenndar. Ekki var haldin sameiginleg athöfn en víða var staðið fyrir samveru- eða bænastundum.

Á laugardagskvöld sótti ég skemmtilega stund, Sögur, verðlaunahátíð barnanna, í Hörpu í Reykjavík. Ég tilkynnti um verðlaunahafa í smásagnakeppni barna og ýmis önnur verðlaun voru afhent. Vel var við hæfi að Ladda, Þórhalli Sigurðssyni, voru veitt heiðursverðlaun hátíðarinnar. Áratugum saman hefur hann verið sannkallaður gleðigjafi, skemmtikraftur af guðs náð. Ég hef ekki tekið margar sjálfur með öðrum en það Ladda um eina og hann varð fúslega við því.

Í nýliðinni viku fagnaði kvennalið Vals sigri á Íslandsmótinu í körfuknattleik og lið Stjörnunnar í karla- og kvennaflokki fögnuðu sigri á Íslandsmótinu í hóp fimleikum. Þessi pistill er skrifaður á sunnudegi, við upphaf nýrrar viku, og fyrr í dag varð lið KA/Þórs Íslandsmeistari í handknattleik kvenna. Hér eru því hamingjuóskir við hæfi og um leið óska ég öllum lesendum velfarnaðar. Myndin sem fylgir er tekin á þessu sunnudagskvöldi hér á Bessastöðum. Það skiptast á skin og skúrir, eins og í mannlífinu. Skömmu síðar var skollin á hellirigning en svo rofaði aftur til, eins og alltaf.